

Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi orðfræðisviðs á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Neshaga 16, 3. hæð, þriðjudaginn 14. janúar 2014 og hófst kl. 14.30. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Haraldur Bernharðsson varaformaður, Eiríkur Rögnvaldsson, Anna Sigríður Þráinsdóttir og Sigríður Dagný Þorvaldsdóttir. Arnheiður Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Skýrslutæknifélags Íslands, Sigrún Gunnarsdóttir, formaður félagsins og Hjörtur Grétarson og Guðmundur Arnar Þórðarson frá félaginu voru viðstödd 1. lið fundarins. Einnig voru viðstaddir þann lið Sigrún Helgadóttir, fyrrverandi formaður Orðanefndar Skýrslutæknifélags Íslands og Ágústa Þorbergsdóttir sérfræðingur á málræktarsviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Jóhannes B. Sigtryggsson frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Framtíð iðorðastarfs í upplýsinga- og tölvutækni

Sjá fg. stj. ÍM 10/2013, 2. lið. Sigrún Helgadóttir sagði frá tillögum sínum (*Tillögur um tilhögun iðorðastarfs í upplýsinga- og tölvutækni*). Mestu skipti þar hvernig áframhaldandi iðorðastarf á þessu sviði yrði fjármagnað. Slíkt starf væri ómarkvisst nema einhver ynni undirbúningsvinnu og kæmi efninu á framfæri. Greiða þyrfti fyrir slíka vinnu. Annað skipti ekki eins miklu máli, meðal annars fyrirkomulag á samstarfi.

Formaður greindi frá því að ÍM hefði átt fulltrúa í starfshóp á vegum menntamálaráðuneytis um tölvumál. Tillögum í lokaskýrslu þessa hóps hefði hins vegar lítið verið fylgt.

Eiríkur sagði að tvennt þyrfti að hafa í huga. Mikilvægt er að hægt sé að leita í öllum söfnum á einum stað og einnig að iðorðin komi frá sérfræðingum á sviðinu en ekki að ofan.

Hjörtur sagði að það hlyti að vera hægt að stofna nýja orðanefnd. Mikilvægust sé framtíðarsýn sem síðan þurfi að framfylgja. Sækja þurfi um styrki fyrir afmörkuð verkefni sem sé hægt að ljúka og nýtist einnig öðrum, til dæmis að láta útbúa þýðingaminni fyrir upplýsinga- og tölvufræði sem síðan væri hægt að nýta á öðrum sviðum.

Ágústa sagði að málræktarsvið Árnastofnunar gæti líklega boðið aðstöðu og málfræðiaðstoð ef starfsmaður í hlutastarfi (20%?) yrði ráðinn til að vinna í haginn fyrir nefnd í upplýsinga- og tölvutækni.

Sigrún taldi best að stofnaður yrði sjóður sem félagsmenn Skýrslutæknifélagsins gætu greitt í.

2. Afmælisár Íslenskrar málnefndar – undirbúningur

Sjá fg. stj. ÍM 10/2013, 4. lið. Marka þarf skýrar tillögur um viðburði á afmælisárinu áður en leitað er eftir fjárstuðningi fyrir viðburðum frá mennta- og menningarmálaráðuneyti. Athuga mætti með að sækja um norræna styrki til að bjóða fyrirlesurum frá Norðurlöndum. Hugsanlega mætti einnig bjóða fulltrúa frá EFNIL. Stjórnarmönnum list þó best á að halda málræktarþing í nóvember (hugsanlega laugardaginn 15. nóvember) þar sem viðfangsefnið yrði mál og mannréttindi og fjallað yrði um fundarefnið frá ýmsu sjónarhorni. Til dæmis: Réttindi

fólks til að tala íslensku á ólíkum sviðum í ljósi laga um stöðu íslensku frá 2011. Réttindi fólks með fötlun hvað varðar notkun tungumálsins. Bæði hvað varðar aðgengi og á það sé hlustað. Mál beggja kynja. Lög um mannanöfn. Mál hinsegin fólks, það er réttindi hópa til að nota sitt orðafar um sinn hóp. Íslenska sem annað mál kemur einnig inn á þetta umfjöllunarefni. Kalla mætti til lögfræðinga, mannfræðinga og heimspekinga til að ræða þetta efni. Samstarf mætti einnig vera með Málnefnd um íslenska táknmálið og þeim boðið að halda eitt erindi á málþinginu (sjá 1. lið þessarar fundargerðar).

Mál til bóknar

Formaður ÍM sendi bréf 12.12.2013 til Skýrslutæknifélags Íslands þar sem tekið var vel í að funda bráðlega með stjórn Skýrslutæknifélagsins og Sigrúnu Helgadóttur um framtíð iðorðastarfs í tölvu- og upplýsingatækni.

ÍM barst 12. desember 2013 til umsagnar frá allsherjar- og menntamálanefnd frumvarp til laga um mannanöfn (mannanafnanefnd, ættarnöfn), 200. mál. Formaður ÍM svaraði erindinu fyrir hönd ÍM 6. janúar 2014. Þar segir m.a.: „[...] Íslensk málnefnd [varar] við því að breyta einstökum ákvæðum gildandi laga eða fella þau brott án þess að skýr heildarhugsun liggi þar að baki.“ og „Eigi að endurskoða löggin er nauðsynlegt að vandað verði til verka og sérfróðum mönnum á sviði íslensks máls, nafnfræði og mannréttinda falið að vinna að þeirri endurskoðun.“

ÍM barst 10. janúar 2014 fyrirspurn frá Dalvíkurbyggð (Guðrúnu Pálinu Jóhannsdóttur) þar sem spurt var um fyrirmynd sem sveitarfélagið gæti notað við að móta málstefnu fyrir sveitarfélagið. Formaður svaraði erindinu í tölvuskeyti 11.1.2014 þar sem m.a. segir: „Íslensk málnefnd vann að gerð málstefnu með stjórnarráðinu sem samþykkt var á degi íslenskrar tungu 16. nóvember 2012. Hún var vistuð á vefnum stjornarrad.is. Hún tekur m.a. mið af lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls frá 2011 og „Íslensku til alls“, málstefnu þeirri sem Alþingi samþykkti 2009.“ Íslensk málnefnd býðst einnig til að veita Dalvíkurbyggð aðstoð við gerð málstefnu ef eftir því er leitað.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið 15.45.

Guðrún Kvaran
sign.

Jóhannes B. Sigtryggsson
sign.